

Breyting á lögum um kirkjugarða,
greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993,
með síðari breytingum (dreifing ösku)
178. mál
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík, 8. febrúar 2022

Athugasemdir Siðmenntar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, með síðari breytingum (dreifing ösku), 178. mál.

Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi, tekur jákvætt í þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu. Undanfarin ár hefur orðið mikil aukning í bálförum á Íslandi en núverandi lagarammi setur aðstandendum mjög þröngar skorður þegar kemur að dreifingu ösku. Í ljósi þessarar miklu fjölgunar er ekki óvarlegt að áætla að fleiri vilji með tíð og tíma dreifa ösku og hafa frjálsari hendur um það hvaða staðsetning er valin. Skóglendi og minningargarðar hafa verið nefndir í þessu samhengi, og ekki væri óeðlilegt að fólk gæti valið aðra staði sem tengjast minningu þess látna en falla ekki innan núverandi lagaramma.

Lítill hefð er fyrir dreifingu á ösku á Íslandi enn sem komið er og virðist margt vera óljóst í þessum málaflokki í augum almennings, en mikið magn duftkerja liggur nú ósótt í geymslu hjá bálstofu kirkjugarðanna. Leiða má að því líkur að flókið og/eða strangt lagaumhverfi dragi úr viðleitni aðstandenda til að sækja þessi ker og leggja hina látnu til hinstu hvílu.

Í umsögn Halldórs Þormars Halldórssonar, umsjónarmanns með leyfum til dreifingar á ösku, kemur fram að misræmi sé nú í lögum um dreifingu ösku annars vegar og reglugerðum um slíkt hið sama hins vegar, og ljóst er að slíkt misræmi þarf að leiðrétta. Þá er einnig ástæða til að gera athugasemd við að leyfisveitingar til dreifingu á ösku séu háðar óljósri túlkun á lögum og reglum.

Í ljósi hinnar miklu fjölgunar bálfara (50% útfara á höfuðborgarsvæðinu) telur Siðmennt bæði sjálfsagt og eðlilegt að lög þessi verði uppfærð, rýmkuð og nútímavædd í takt við tímann. Sterkustu rökin gegn slíkri uppfærslu eru e.t.v. út frá heilbrigðissjónarmiðum, en samkvæmt umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur stafar lítill mengunarhætta af dreifingu ösku látinna einstaklinga. Siðmennt sér því ekkert því til fyrirstöðu að lög þessi verði uppfærð og styður frumvarpið.

**Fyrir hönd stjórnar Siðmenntar,
Siggeir F. Ævarsson, framkvæmdastjóri.**